

Ytra mat

Leikskólinn Sjónarhóll

Höfn, Hornafirði

Úttekt þessi er unnin á vegum Menntamálastofnunar –
fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Höfundar: Kolbrún Vigfúsdóttir og Sigrún Einarsdóttir
© Menntamálastofnun, 2021
ISBN 978-9979-0-2697-6

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn og umhverfi hans	9
Leikskólinn	9
Starfsmenn.	9
Húsnæði og útileiksvæði	9
Hugmyndafræði og áherslur	10
Stjórnun	11
Stjórnskipulag og skipurit.	11
Námskrá og áætlanir	11
Stjórnun og starfsmenn	11
Fagleg forysta	13
Starfsandi og starfsánægja	13
Uppeldis- og menntastarf	15
Námsaðstæður	15
Starfshættir	16
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	16
Námssvið.	17
Velferð og líðan barna.	18
Mat á námi og velferð barna	19
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	21
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	21
Viðhorf foreldra	21
Samstarf við grunnskóla	21
Annað samstarf	22
Skóli án aðgreiningar	23
Skólaþjónusta og sérkennsla	23
Börn með annað móðurmál en íslensku	23
Innra mat	25
Skipulag og viðfangsefni	25
Gagnaöflun og vinnubrögð	25
Opinber birting og umbætur	25
Samantekt matsþátta.	26
Samantekt.	27
Lokaorð	30
Heimildir.	31

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn Sjónarhóll er rúmgóður og vel skipulagður með gott framboð af leikföngum og efnivið. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga um að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara og þarf að leita leiða til að bæta úr því. Leikskólinn vinnur eftir menntastefnu sveitarfélagsins og hefur sett sér einkunnarorð. Starfsmenn þekkja einkunnarorð leikskólans og stefnu sveitarfélagsins og nefna leiðir sem farnar eru til að framfylgja henni. Húsnæði leikskólans uppfyllir að öllu leyti ákvæði laga um leikskóla. Vinnuaðstaða starfsfólks er góð og fjölbreyttir möguleikar til að vinna með börnum í minni og stærri hópum. Góð hljóðvist er í leikskólanum. Útileiksvæði leikskólans er stórt, vel búið tækjum og býður upp á góð tækifæri fyrir leik og störf.

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Leikskólanum er stjórnað af metnaði og fagmennsku. Samstarf og samábyrgð starfsfólks er sýnileg og starfshópurinn samhentur. Starfsþróunarsamtöl eru tekin reglulega. Svigrúm er veitt til símenntunar starfsmanna og stjórnenda og reynt er að nýta mannauð leikskólans sem best. Starfsandi og skólabragur eru að flestu leyti góðir og fara batnandi. Starfsmenn hafa metnað til að efla leikskólann, trú á gæðum starfsins og eru stoltir af starfi sínu. Ákvarðanatataka innan leikskólans er að miklu leyti lýðræðisleg og upplýsingaflæði er gott. Ekki er til skólanámskrá í leikskólanum en vinna við hana stendur yfir með þátttöku allra starfsmanna. Allar lögbundnar áætlanir og stefnur fyrir leikskólastarfið liggja fyrir. Starfsáætlun og dagskipulag er til fyrir yfirstandandi skólaár en við gerð næstu starfsáætlunar þarf að fylgja betur áherslum aðalnámskrár. Gott samstarf er við fræðslu- og tómsbundanefnd sveitarfélagsins Hornafjarðar og við fræðslustjóra þess varðandi stuðning við stjórnendur, börn og starfsmenn.

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Námsumhverfi er skipulagt út frá menntastefnu sveitarfélagsins og einkunnarorðum leikskólans. Efniviður er fjölbreyttur, vel skipulagður og tekur mið af þörfum barna. Þar er gert ráð fyrir fjölbreyttum tækifærum til leikja og náms og fyrirhugað er að auka framboð á leik- og námsgögnum sem draga enn frekar fram fjölbreytileikann. Samskipti starfsmanna við börnin einkennast af umhyggju, jákvæðu viðmóti og virðingu. Dagskipulag skiptist í hópastarf, frjálsan leik og útivist. Sýnilegt er að börnunum líður vel og leikur þeirra og samskipti einkennast af gleði og áhuga. Unnið er með verkefnið Lubbi finnur málbein í tengslum við áherslur á læsi í víðum skilningi og í undirbúningi er að vinna með vináttuverkefnið Blæ. Tækifæri til umbóta í uppeldis- og menntastarfi liggja í að halda áfram að styrkja uppeldisþekkingu starfshópsins með fræðslu og áherslu á lærdómssamfélagið innan leikskólans. Auk þess mætti samræma enn frekar aðferðafræði milli deilda. Tækifæri liggja einnig í að skoða lýðræðislega þátttöku barna. Ágætlega er unnið með námssviðin læsi, heilbrigði, skapandi starf, vísindi, sjálfbærni en skoða mætti að vinna meira með útinám/ náttúruskoðun.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Viðhorf foreldra¹ til leikskólans er yfirleitt gott. Foreldrar þekkja áherslur leikskólans og telja að unnið sé í samræmi við þær. Almennu eru foreldrar ánægðir með upplýsingar leikskólans en daglegar upplýsingar um börnin í lok dags mætti að þeirra mati bæta og samræma milli deilda. Meirihluti foreldra telur aðbúnað barna góðan og eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsmanna. Við leikskólann er starfandi foreldraráð og foreldrafélag undir sitt hvorri stjórn. Foreldraráð ætti að setja sér starfsáætlun og formaður ætti að boða til og stjórna fundum þess. Foreldrafélag styður vel við

1 Í þessari skýrslu er orðið foreldri notað jafnt um foreldra sem og forsjáraðila.

starf skólans. Leikskólinn er í formlegu samstarfi við grunnskólann í sveitarfélaginu. Birta ætti fundargerðir foreldrafélags á heimasíðu leikskólans.

Skóli án aðgreiningar

Við leikskólann starfar sérkennslustjóri. Hann hefur umsjón með og ber ábyrgð á framkvæmd sérkennslu, gerir frumgreiningar og ber ábyrgð á gerð einstaklingsáætlana. Hann er tengiliður við sérfræðinga utan leikskólans. Lögð er áhersla á að stuðningur við börn fari sem mest fram á deildum en í einstaklingskennslu eða minni hópum þegar við á. Sérkennslustjóri leiðbeinir starfsmönnum sem annast sérkennslubörn á deildum og veitir starfsmönnum deilda upplýsingar og ráðgjöf varðandi börnin. Leikskólinn nýtur ráðgjafar sálfræðings og talmeinafræðings og góð samvinna er við félagsþjónustu sveitarfélagsins. Unnið er með málefni barna sem eiga annað tungumál, m.a. eru fánar og kveðja á öllum tungumálum leikskólans sýnileg í fataklefum, haldnar eru kynningarvikur um bakgrunn barna og samskiptabækur eru við heimilin. Boðið er upp á túlkþjónustu í viðtölum ef við á en allar upplýsingar á heimasíðu eru á íslensku.

Innra mat

Ekki fer fram formlegt mat á fagstarfi leikskólans, en þó hafa verið verið gerðar tilraunir til að gera matsáætlun vegna innra mats í leikskólanum. Hópastarf er metið af hópstjórum árlega en börnin eru ekki þátttakendur í því mati. Önnur aðkoma barna að mati er ekki í leikskólanum. Óformlegt mat á starfsháttum fer fram í starfsmannaviðtölum, á skipulagsdögum og á starfsmannafundum. Ekki hafa verið gerðar starfsmannakannanir undanfarin ár en búið er að semja við Skólapúlsinn um mat á viðhorfum foreldra og starfsmanna. Í leikskólanum er ekki matsteymi og ekki eru gerðar markvissar áætlanir um mat til lengri tíma. Mikilvægt er að skipa matsteymi í leikskólanum, gera áætlanir um mat til styttri og lengri tíma og leita leiða til að fá betur fram sjónarmið barna. Allar niðurstöður mats þarf síðan að kynna og birta á heimsíðu leikskólans.

Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Sjónarhóli. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Kolbrúnu Vigfúsdóttur og Sigrúnu Einarsdóttur og fór fram á vettvangi 18. til 21. janúar 2021. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: Leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, skólaþjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.²

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og leikskólakennara í umbótum á eigin starfi, hvetja leikskólakennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi.³ Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 9. desember 2020 á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaaðila. Matsmenn dvöldu fjóra daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við deildarstjóra, starfsmenn og börn. Einstaklingsviðtöl voru tekin við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra. Foreldrakönnun var lögð fyrir í tengslum við matið. Svörun í könnuninni var um 80% en alls tók 81 forráðamaður þátt í henni. Rætt var við formenn foreldraráðs og foreldrafélags símleiðis. Haft var póstsamband við fræðslustjóra og rætt við hann símleiðis. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki. Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til.⁴ Matsmenn fóru hver og einn yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra til yfirlstrar.

2 Lög um leikskóla nr. 90/2008.

3 Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

4 Sjá nánar í lok skýrslunnar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar gefa góðar vísbendingar um starfið í þessum tiltekna leikskóla en ekki er unnt að alhæfa um aðra leikskóla á grundvelli þeirra.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn

Leikskólinn Sjónarhóll er sex deilda leikskóli á Höfn í Hornafirði. Tveir leikskólar, Krakkakot og Löngu-hólar, voru sameinaðir 1. apríl 2017 undir nafninu Sjónarhóll. Starfsemi Sjónarhóls í núverandi húsnæði hófst í ágúst 2018. Í leikskólanum eru 101 barn á aldrinum eins til sex ára, 51 stúlka og 50 drengir. 29 börn eru með skilgreinda sérkennslu í leikskólanum. 17 börn eiga annað móðurmál en íslensku. Leikskólinn er opinn virka daga frá kl.7:45 til 16:15.

Deildir leikskólans eru þessar:

Fæðingarár barna á deildinni

Sunnudeild	2019
Dropadeild	2018 og 2019
Skýjadeild	2018
Stjórnudeild	2016 og 2017
Mánadeild	2016 og 2017
Blómadeild	2015

Starfsmenn

Við leikskólann starfa 37 starfsmenn í alls 35 stöðugildum. Þrír stjórnendur eru í leikskólanum leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri (í leikskólanum er talað um yfirmann stoðþjónustu, en í þessari skýrslu er notað starfsheitið sérkennslustjóri). Auk stjórnenda starfa sex deildarstjórar og matráður í leikskólanum. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri hafa báðir starfað við leikskólann frá 2017 þegar hann var opnaður í núverandi húsnæði. Leikskólastjóri er með leyfisbréf í leikskólafræðum og MS-gráðu í mannauðsstjórnun. Aðstoðarleikskólastjóri er með leyfisbréf í leikskólafræðum með B.Ed-gráðu, báðir eru í 100% stjórnunarstöðu. Af sex deildarstjórum eru þrír með B.Ed gráðu í leikskólakennarafræðum, einn af þeim er að útskrifast með M.Ed-gráðu í leikskólakennarafræðum, þrír deildarstjórar er ófaglærðir. Einn starfsmaður er í þroskaþjálfanami. Sérkennslustjóri er þroskaþjálfari og með viðbótarmenntun í uppeldis- og menntunarfræðum með áherslu á sérkennslufræði. Sérkennari með leyfisbréf í leikskólafræðum, leikskólaliði, og þroskaþjálfanemi eru allir í 100% starfi við sérkennslu. Aðrir starfsmenn á deildum eru leikskólakennari, förðunarfræðingur, stjórn mála- og markaðsfræðingur, ferðamálafræðingur og hársnyrtir, aðrir leiðbeinendur eru ófaglærðir. Í eldhúsi starfar matráður sem er í matartækni námi og tveir aðstoðarmenn. Í leikskólanum starfa 36 konur og einn karlmaður. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla. Starfsmannavelta hefur verið nokkuð mikil síðastliðið ár og starfshópurinn er ungur bæði hvað varðar aldur og reynslu.

Húsnæði og útileiksvæði

Húsnæði leikskólans er rúmgott, snyrtilegt og vel skipulagt en að mati starfsmanna er rými á deildum heldur þröngt miðað við fjölda barna, sérstaklega á eldri deildum. Matsmenn geta tekið undir þá skoðun. Aðstaða er fyrir viðtöl og minni fundi, sérkennsluherbergi, rúmgóð kaffistofa og undirbúningsherbergi fyrir starfsfólk, skrifstofur fyrir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, fjölnotasalur, listaskáli, bókasafn og tónlistar- og vísindastofa. Húsnæðið uppfyllir því kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009. Hljóðvist í leikskólanum er góð. Í foreldrakönnun kom fram að meirihluti var ánægður með aðbúnað barna í leikskólanum.⁵ Útileiksvæði er stórt og vel skipulagt, búið góðum leiktækjum og býður upp á fjölbreytt tækifæri til leikja og hreyfingar. Svæðið er hólfað niður í minni hólf sem eru nýtt fyrir ólíka aldurshópa. Hlið eru milli svæða sem hægt er að opna ef vill. Afmarkað svæði fyrir ræktun

5 Foreldrakönnun.

berja er á svæðinu og stefnt er að því finna staðsetningu fyrir ræktun grænmetis og einnig er á áætlun að búa til „drullusvæði“ og útielhús í garðinum. Utan leikskólalóðar eru miklir möguleikar til vettvangsferða og útináms.

Hugmyndafræði og áherslur

Námsumhverfi og viðfangsefni barna eru skipulögð út frá Menntastefnu sveitarfélagsins Hornafjarðar, *Lærum allt lífið*. Sveitarfélagið samþykkti árið 2016 menntastefnu fyrir leik- og grunnskóla til ársins 2030. Einkunnarorð menntastefnunnar eru *HÆFNI – ÞEKKING – SKÖPUN* og framtíðarmarkmiðin eru að *nám miðist við framtíðina, nám sé sveigjanlegt og einstaklingsbundið, nám feli í sér sköpun*. Unnið er út frá *Uppbyggingarstefnunni – Uppeldi til ábyrgðar* með áherslu á heilsuefandi samfélag. Samkvæmt henni skal leggja áherslu á *góða heilsu og líðan, styrkingu sjálfsvitundar, samskiptafærni og persónulega færni barnanna*. Meirihluti foreldra var frekar eða mjög sammála því að unnið væri að eflingu sjálfstæðis barna í leikskólanum.⁶ Einkunnarorð leikskólans eru *Virðing – Jafnrétti – Jákvæðni*. Í viðtali við leikskólastjóra og aðra stjórnendur kom fram að í samræmi við stefnu sveitarfélagsins er Sjónarhóll *heilsuefandi leikskóli*, í honum er lögð áhersla á læsi og stærðfræði, markvissa málörvun og sköpun.⁷ Starfsmenn þekktu þá stefnu og einkunnarorð sem leikskólinn starfar eftir og gátu bent á leiðir sem farnar væru til að framfylgja þeim. Fram kom í rýnihópi deildarstjóra að í tengslum við endurskoðun skólanámskrár væri horft til hugmyndafræði *John Dewey* og sú hugmynd kemur einnig fram í drögum að skólanámskrá.⁸ Í foreldrakönnun kom fram að meirihluti var frekar eða mjög sammála því að þeir þekktu stefnu og gildi leikskólans, töldu að markvisst væri unnið með stefnuna og meirihlutinn var frekar og mjög ánægður með hana.⁹

Styrkleikar

- Húsnæði leikskólans er rúmgott, snyrtilegt, vel skipulagt og uppfyllir skilyrði varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008.
- Útileiksvæði er stórt, vel skipulagt, búið góðum leiktækjum og býður upp á fjölbreytta möguleika til náms og leiks.
- Leikskólinn vinnur samkvæmt menntastefnu sveitarfélagsins með áherslu á heilsuefandi leikskóla. Þar er lögð áhersla á læsi og stærðfræði, markvissa málörvun og sköpun.
- Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð.
- Starfsmenn þekkja stefnu og gildi leikskólans og geta bent á leiðir til að framfylgja þeim.
- Foreldrar þekkja einkunnarorð og stefnu leikskólans og telja markvisst unnið með hana.

Tækifæri til umbóta

- Brýnt er að leita leiða til að fjölga leikskólakennaramenntuðum starfsmönnum svo leikskólinn uppfyllir ákvæði laga nr. 87/2008 um að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppleldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara.

6 Foreldrakönnun

7 Viðtal við stjórnendur og rýnihóp deildarstjóra.

8 Rýnihópur deildarstjóra.

9 Foreldrakönnun.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili Sjónarhóls er Sveitarfélagið Hornafjörður. Á vegum sveitarfélagsins starfar Fræðslu- og tómstundanevnd sem fer með málefni leikskólans í umboði sveitarstjórnar. Fræðslu og tómstundanevnd er skipuð fimm fulltrúum og jafn mörgum til vara. Fræðslustjóri sem ráðinn er af sveitarfélaginu er næsti yfirmaður leikskólastjóra. Leikskólastjóri og fræðslustjóri funda ekki reglulega en hittast að meðaltali tvisvar í mánuði og oftast ef þörf er á. Leikskólastjóri sagði samskipti við fræðslustjóra vera góð. Skólastjórar leik- og grunnskóla funda með fræðslustjóra á föstum fundum einu sinni í mánuði. Fræðslunefnd fundar reglulega með fulltrúum leikskólans, þ.e. leikskólastjóra og fulltrúum starfsmanna og foreldraráðs. Leikskólinn hefur aðgang að þjónustu sálfræðings og talmeinafræðings og er í góðu samstarfi við félagsþjónustu sveitarfélagsins og heilsugæslu.¹⁰ Hlutverk sveitarfélagsins er að veita faglega- og rekstrarlega ráðgjöf ásamt úrlausnum einstaklingsmála.¹¹

Eins og áður hefur komið fram vinnur leikskólinn samkvæmt Menntastefnu sveitarfélagsins sem hefur sett sér læsisstefnu, viðbragðsáætlun um ofbeldi í stofnunum og verklagsreglur um starfsemi leikskóla. Leikskólinn er með læsisstefnu, jafnréttis- og eineltisáætlun, öryggishandbók og viðbragðsáætlun Almannaáttarinnar á heimasíðu.¹² Í leikskólanum eru til verklagsreglur um viðbrögð við slysum og áætlun um upphaf leikskólagöngu barna. Öryggis- og rýmingaráætlun (flóttaráætlun) er sýnileg við alla útganga á deildum og í starfsmannarými en skriflegar reglur um viðbrögð starfsfólks eru ekki til. Ekki er til áfallateymi í leikskólanum en til er skrifleg áfallaáætlun. Að sögn fræðslustjóra hefur leikskólinn gott orð á sér í samfélaginu, umsagnir um innra starfið eru jákvæðar og foreldrum finnst starfið uppbyggilegt og faglegur metnaður sýnilegur.¹³

Námskrá og áætlanir

Leikskólinn er ekki með virka skólanámskrá en til eru drög að henni. Að sögn stjórnenda og starfsmanna er vinna við hana í gangi með þátttöku allra starfsmanna. Stjórnendur tóku fram að verið væri að leita leiða til að tryggja þátttöku barna og foreldra í þessari vinnu. Starfsáætlun fyrir yfirstandandi skólaár er til en ekki aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Skóladagatal fyrir skólaárið er aðgengilegt á heimasíðu. Starfsáætlun leikskólans uppfyllir ekki að öllu leyti áherslur aðalnámskrár leikskóla frá árinu 2011. Starfsmannahandbók hefur verið unnin og er aðgengileg starfsfólki.

Stjórnun og starfsmenn

Stjórnendateymi Sjónarhóls mynda leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri, deildarstjórar og matráður í eldhúsi. Fundir í stjórnendateymi (deildarstjórafundir) eru haldnir vikulega klukkutíma í senn. Þar fara fram umræður um uppeldisstarfið, daglegt skipulag og upplýsingagjöf. Lögð er fram dagskrá fyrir fundina, fundargerðir ritaðar og birtar starfsfólki í fundargerðabókum, á deildum og sameiginlegu drifi og gert ráð fyrir að starfsmenn kvitti fyrir að loknum lestri. Formleg verkaskipting er ekki í stjórnunarteyminu að öðru leyti en því að leikskólastjóri skipuleggur fundi í samráði við aðra stjórnendur og stýrir fundum en allir taka þátt í umræðum um almennar ákvarðanir. Deildarstjórar skipta með sér verkum með því að stjórna/bera ábyrgð á einstaka verkefnum. Deildarstjórar bera ábyrgð og skipuleggja uppeldis- og menntastarfið á deildum í samstarfi og samráði við stjórnendateymið.

Leikskólastjórnendur eru með fasta fundi tvisvar í viku og skipta með sér verkum út frá starfslýsingum. Starfslýsingar eru ekki aðgengilegar í starfsmannahandbók en eru aðgengilegar á drifi leikskólans og farið er yfir þær árlega á starfsmannafundum. Samkvæmt þeim ber leikskólastjóri ábyrgð á allri almennri stjórnun og rekstri leikskólans, gerð námskrár, starfsáætlun og innra mati. Leikskólastjóri sér einnig um gerð fjárhagsáætlunar, ráðningu starfsmanna, skipulag foreldrasamvinnu, samskipti við fræðslustjóra og yfirstjórn sveitarfélagsins.

10 Viðtal við leikskólastjóra og upplýsingar frá fræðslustjóra.

11 Menntastefna sveitarfélagsins.

12 Heimasíða leikskólans.

13 Upplýsingar frá fræðslustjóra.

Aðstoðarleikskólastjóri er fagstjóri leikskólans, fylgist með innra starfi á deildum, leiðbeinir starfsfólki og styður deildarstjóra í að viðhalda faglegu starfi. Tekur ráðningarviðtöl með leikskólastjóra og þjálfar nýtt starfsfólk í samvinnu við leikskólastjóra og deildarstjóra. Skipuleggur daglega mönnun í leikskólanum, skráir breytingar á vistun barna, skráir börn og nýja foreldra í *Karellen* og hefur eftirlit með að öryggi leiksvæða og leiktækja sé tekið út tvisvar á ári.¹⁴ Að mati leikskólastjóra er sú ákvörðun að nýta *fjölnotasalinn* sem matsal fyrir eldri börnin eitt af því sem hann eru ánægðastur með að hafa komið í framkvæmd.¹⁵ Einnig nefndu stjórnendur vinnu með stærðfræði og læsi sem styrkleika í starfi leikskólans. Það sem mætti bæta að mati stjórnenda er að endurskoða námskrána og bæta matið á starfinu, auka þátttöku foreldra, vinna betur með barnalýðræði og skapandi starf. Einnig nefndu þeir aðra þætti sem mætti vinna betur með svo sem að nýta frjálsa leikinn betur til að vinna með námsviðin, efla vinnuna með Uppeldi til ábyrgðar og Heilsueflandi leikskóla.¹⁶

Áætlun um skipulagsdaga er sett upp fyrir starfsárið. Skipulagsdagar eru fimm á ári, en auk þess er hægt að óska eftir sjötta deginum til fræðslu- og tómstundanevndar. Á skipulagsdögum er fjallað um skipulag leikskólastarfsins, boðið upp á fræðslu og unnið að endurmati. Einnig er gert ráð fyrir að þessir dagar séu nýttir til náms- og kynnisferða. Vegna Covid19 féllu slíkar ferðir niður á s.l. ári Skipulagsdagar eru samræmdir við skipulagsdaga grunnskólans. Starfsmannafundir eru haldnir mánaðarlega, tveir tímar í senn. Á þessum fundum er lögð áhersla á fræðslu og upplýsingagjöf fyrir alla starfsmenn. Deildarfundir eru samkvæmt skipulagi haldnir þriðju hverja viku á hverri deild, klukkustund í senn, þar er rætt um málefni barna og skipulag deildarstarfsins. Þessir fundir eru einnig nýttir til að leiðbeina starfsfólki um námsumhverfið og notkun leikefnis. Leikskólastjóri situr alla deildarfundir. Ef óskað er kemur sérkennslustjóri (stoðþjónusta) á þessa fundi til að upplýsa og leiðbeina starfsmönnum um vinnu með fjölbreyttan barnahóp. Allir deildarstjórar og leikskólakennarar fá lögbundinn undirbúningstíma en auk þess fá ófaglærðir starfsmenn eina til tvær klukkustundir á viku. Deildarstórar sjá um að skipuleggja þessa tíma.

Við ráðningu nýrra starfsmanna er fylgt lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Við undirritun ráðningarsamnings er skrifað undir ákvæði um trúnað og þagnarskyldu og leyfi veitt til að skoða sakaskrá. Farið er eftir ákveðnu skráðu verklagi við móttöku nýrra starfsmanna. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri taka ráðningarviðtöl. Eftir kynningu leikskólastjóra á leikskólanum sjá deildarstjórar um að setja nýja starfsmenn inn í starfið á deild samkvæmt áætlun um móttöku nýrra starfsmanna. Ekki eru tekin leiðbeiningarviðtöl við starfsmenn á reynslutíma. Leikskólastjóri fær upplýsingar um frammistöðu starfsmanns áður en hann er fastráðinn.

Símenntunaráætlun liggur fyrir í leikskólanum. Að sögn stjórnenda er lögð áhersla á að fá inn vinnutengda fræðslu fyrir alla starfsmenn á skipulagsdögum og starfsmannafundum. Sveitarfélagið býður upp á ýmis námskeið fyrir starfsmenn sína. Starfsmenn voru ánægðir með framboð á námstilboðum og sögðu vel tekið í óskir þeirra varðandi símenntun en þeir væru ekki sérstaklega hvattir til að sækja námskeið. Samkvæmt leikskólastjóra er í starfsþróunarsamtölum leitað eftir hugmyndum/áhuga starfsmanna varðandi símenntun. Fræðsluáætlun og námskeiðstilboð eru hengd á töflu á gangi við kaffistofu. Sérkennslustjóri leggur áherslu á að sækja sér símenntun reglulega og telur mikilvægt að fylgjast vel með nýjungum. Sveitarfélagið styrkir starfsmenn til náms í leikskólakennarafræðum. Að sögn fræðslustjóra hefur leikskólastjórinn lagt mikla áherslu á að mennta og valdefla deildarstjóra sem stjórnendur og ábyrgðarmenn fyrir starfsmannamálum og faglegu skipulagi á deildum, sem virðist vera að skila sér í jákvæðu viðhorfi foreldra. Að sögn fræðslustjóra er mikilvægasta verkefni skólafyrirvalda í dag að styðja stjórnendur í að efla starfsmannahópinn, hvetja starfsmenn til náms, og styðja við uppbyggingu faglegs uppeldisstarfs.¹⁷

14 Gögn frá leikskólastjóra – Starfslýsingar.

15 Viðtal við leikskólastjóra.

16 Viðtöl við stjórnendur.

17 Upplýsingar frá fræðslustjóra.

Fagleg forysta

Í viðtali sagðist leikskólastjóri vera hreinskilinn, ákveðinn, skipulagður og legði áherslu á heiðarleg samskipti. Hann væri jákvæður og sagði mikilvægt að koma hlutunum í verk sem fyrst. Að hans mati væri mikilvægt að starfsfólk tæki upp ágreiningsmál við viðkomandi aðila strax. Leikskólastjóri tók fram að hann legði áherslu á að stuðla að hlýlegu andrúmslofti og huga að ýmsu um líðan fólksins svo sem skapa notalegt umhverfi á kaffistofu. Hann taldi að fólki myndist hann skilningsríkur og leggja áherslu á að afgreiða verkefni fljótt, en mætti e.t.v. hafa í huga að vera ekki of ákafur og færa þá kannski aðra í kaf. Leikskólastjóri sagðist hafa mikinn metnað og vildi geta verið stoltur af skólanum sínum og lagði áherslu á að það skipti máli hvernig fólk talaði um starfið sitt. Að sögn fræðslustjóra hefur leikskólastjóri sýnt mikinn metnað og leitast við að efla faglegt starf og valdefla starfsmenn. Árangur af því væri meiri festa í skólastarfinu.¹⁸ Aðstoðarleikskólastjóri sagðist reyna að koma eins fram við alla og forðast beinar skipanir, taldi betra að fara mýkri leiðina. Leikskólinn hefur sótt námskeið hjá Svövu Björk Mörk, aðjunkt við Háskóla Íslands, (streymi) fyrir alla stjórnendur leikskólans sem leikskólastjóri sagði að hefði verið mikilvægt til að styrkja stjórnendur í hlutverkum sínu.¹⁹ Í foreldrakönnun sem unnin var af Menntamálastofnun kom fram að meirihluti foreldra var frekar ánægður með sýnileika stjórnenda.²⁰ Leikskólastjóri sagðist fara inn á deildir til að vera sýnilegur fyrir fólkið, horfa á hvernig komið væri fram við börnin og leiðbeina starfsmönnum. Í viðleitni til að auka þekkingu starfsmanna hefur hann meðal annars haldið „örnámskeið“ um ákveðna þætti í starfinu, til dæmis listanámskeið. Leikskólastjóri sagði ekki mikið um að starfsmenn leituðu faglegrar ráðgjafar um leikskólastarfið hjá sér en þeir væru duglegir að leita til hans varðandi ýmsa aðra þætti. Aðstoðarleikskólastjóri sagðist fara reglulega inn á deildir til að leysa af, fylgjast með starfinu og leiðbeina starfsfólki. Báðir stjórnendur sögðust hvetja starfsfólk með því að hrósa því sem vel væri gert.²¹ Fram kom í rýnihópi deildarstjóra að stjórnendur væru ekki mikið sýnilegir á deildum, en þegar þeir stöldrúðu við gæfu þeir oft hrós. Aðstoðarleikskólastjóri tekur stöðuna á starfsmannahópnum daglega. Deildarstjórar sögðust gjarnan vilja fá meiri viðbrögð og leiðbeiningar frá stjórnendum.²² Í báðum rýnihópum kom fram að auðvelt væri að leita til stjórnenda og mál væru yfirleitt leyst fljótt. Varðandi samskipti við börnin sagði leikskólastjóri að hann mundi vilja hafa þau miklu meiri og telur ekki sennilegt að þau þekki nafnið hans. Aðstoðarleikskólastjóri sagði að þar sem hann færi oft inn á deildir þekktu börnin hann með nafni a.m.k. eldri börnin. Í rýnihópi barna kom fram að flest þekktu ekki nafn leikskólastjóra, en sögðu „hún labbar allsstaðar, gerir marga hluti og talar mikið, hún gerir eiginlega allt“.²³ Fræðslustjóri nýtir fundi með leikskólastjóra til að fylgjast með faglegu starfi leikskólans, fara yfir markmið og áætlanir. Fundar með starfsfólki þegar við á og styður við þá faglegu uppbyggingu sem stjórnendur leggja áherslu á. Sveitarfélagið býður upp á handleiðslu fyrir stjórnendur með fræðslu frá mismunandi sérfræðingum.²⁴

Starfsandi og starfsánægja

Stjórnendur og starfsmenn voru sammála um að starfsandi leikskólans færi batnandi, starfsmenn kæmu glaðir til vinnu og liði almennt vel. Í leikskólanum væri gott andrúmsloft þar sem almennt ríkti jákvæðni, vinsemd og virðing. Reynt væri að nýta mannauðinn og byggja upp lærdómssamfélag. Starfsmenn og stjórnendur deila þekkingu sín á milli með því að skiptast á að bjóða samstarfsmönnum upp á örnámskeið í verkþáttum sem þeir hafa þekkingu/færni í. Samstarfsnefnd starfsmanna og stjórnenda, samtals sex manns, var skipuð með erindisbréfi í byrjun janúar 2021. Markmið og hlutverk nefndarinnar er að skapa samráð og samstarf um málefni leikskólans í þeim tilgangi að finna lausnir til hagsbóta fyrir starfseminu og vera samráðsvettvangur stjórnenda og starfsmanna. Á fundum nefndarinnar er meðal annars fjallað um starfsanda, samskipti, upplýsingagjöf og innra skipulag.²⁵

Stjórnendur og starfsmenn voru stoltir af störfum sínum og töldu þau metin að verðleikum. Metnaður væri einkennandi fyrir hópinn í heildina og allir vildu geta sagt leikskólann sinn vera til fyrirmyndar. Í leikskólanum er reynt að gera eitt og annað til að styrkja starfsandann. Skemmtinefnd skipuleggur ýmsar uppákomur eftir því sem hægt er í núverandi ástandi. Hún hefur til dæmis haldið jólagleði og spurningakeppni á netinu og minni hópar reyna að fara saman út að borða. Starfsmenn hafa farið

18 Upplýsingar frá fræðslustjóra.

19 Viðtöl við stjórnendur.

20 Foreldrakönnun.

21 Viðtöl við stjórnendur.

22 Rýnihópur deildarstjóra.

23 Rýnihópur barna.

24 Upplýsingar frá fræðslustjóra.

25 Gögn frá leikskólastjóra – erindisbréf fyrir samstarfsnefnd.

Í náms- og kynnisferð erlendis en ferð sem áætluð var á þessu ári féll niður. Ekki hafa verið gerðar starfsmannakannanir í leikskólanum undanfarin ár en búið er að ganga frá samningi við Skólapúlsinn²⁶ um foreldra- og starfsmannakannanir annað hvert ár. Að mati deildarstjóra og starfsmanna eru sterkar hliðar leikskólans metnaður starfsfólks og hjálpssemi, framkvæmd sérkennslu og gott viðhorf til barna. Mikilvægt væri að fylgja heilsustefnu sveitarfélagsins eftir í leikskólanum. Deildarstjórar vildu sjá betur tekið á starfsmannamálum í leikskólanum.²⁷

Styrkleikar

- Stjórnendur funda reglulega með Fræðslu- og tólmstundanefnd og fræðslustjóra sveitarfélagsins, stjórnendur eru í góðri samvinnu við fræðslustjóra.
- Stjórnunarteymi er starfandi í leikskólanum, verkaskipting er milli stjórnenda og deildarstjórar sjá um að skipuleggja deildarstarfið.
- Gerð hefur verið leiðbeinandi handbók fyrir starfsmenn og móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.
- Starfsþróunarsamtöl eru árlega.
- Leikskólinn er með móttökuáætlun fyrir ný börn, áætlun um upphaf grunnskólagöngu, læsisstefnu og jafnréttis- og eineltisáætlun, verklagsreglur um viðbrögð við slysum, öryggishandbók, viðbragðsáætlun Almannaáttarinnar á heimasíðu og öryggis- og rýmingaráætlun.
- Skóladagatal er á heimasíðu og leikskólinn er með símenntunaráætlun.
- Sveitarfélagið styður starfsmenn til náms í leikskólafræðum.
- Símenntunaráætlun er unnin út frá þörfum leikskólans með áherslu á fræðslu fyrir allan starfshópinn á skipulagsdögum og starfsmannafundum.
- Unnið er að styrkingu lærdómssamfélags í leikskólanum með því að stjórnendur og starfsmenn bjóða örnámskeið fyrir áhugasama í verkþáttum sem þeir hafa þekkingu/færni í.
- Starfsmenn hafa metnað fyrir hönd leikskólans, trú á gæðum leikskólastarfsins og eru stoltir af starfi sínu.
- Gerður hefur verið samningur við Skólapúlsinn um foreldra- og starfsmannakannanir.

Tækifæri til umbóta

- Endurskoða þarf skólanámskrá í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 með aðkomu starfsmanna, barna og foreldra.
- Við gerð næstu starfsáætlunar þarf að fylgja áherslum um innihald starfsáætlunar í aðalnámskrá og tryggja aðkomu allra aðila leikskólasamfélagsins.
- Gera starfsáætlun aðgengilega á heimasíðu leikskólans.
- Gera skriflegar leiðbeiningar um viðbrögð starfsfólks við rýmingu leikskólans og birta öllum starfsmönnum.
- Leikskólinn ætti að hafa áfallateymi.

26 Skólapúlsinn er vefkerfi sem leggur fyrir staðlaðar foreldra-, nemenda-, og starfsmannakannanir fyrir skóla.

27 Rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Skipulag húsnæðis gerir ráð fyrir fjölbreyttum viðfangsefnum. Deildir og sameiginleg rými eru vel nýtt til leikja og náms. Leikskólinn er vel útbúinn leik- og námsgögnum og aðgengi barna að leikefni er gott. Námsumhverfið er skipulagt út frá áherslum leikskólans. Hver deild hefur tvær stofur til umráða, fataherbergi og salerni er fyrir hverja deild. Fram kom hjá deildarstjórum að ekkert geymslurými væri í leikskólanum og að þeirra mati hefði verið betra að hafa meira rými á deildum. Skorti á geymslurými er reynt að mæta með hillum á gangi þar sem hægt er að skipta út leikefni. Starfsmenn sögðust reyna að finna lausnir frekar en horfa á það sem ekki væri hægt að breyta.²⁸ Að mati matsmanna er það til fyrirmyndar að sjá hve vel deildir nýta rýmið og að meirihluti leikefnis er í hæð barna. Á þeim tíma sem matið fór fram voru gólfleikir ríkjandi á öllum deildum þar sem börnin nutu sín í leik. Felliborð er á flestum deildum sem eykur rými fyrir gólfleiki og nýtist til borðleikja þegar við á og í matmálistíma á yngri deildum.

Skipulag húsnæðisins gefur möguleika á góðum samskiptum og samstarfi allra í leikskólanum. Sameiginleg svæði eru vel búin og allar deildir hafa aðgang að þeim einu sinni í viku. Sjá mátti á vettvangi að svæðin eru voru vel nýtt. Gangur fyrir framan deildir er nýttur til náms og leikja með minni hópum. Þar mátti sjá ýmis námsgögn í hillum, bókahillu og bekk þar sem hægt var að setjast og lesa. Tölu- og bókstafir á veggjum voru í hæð barnanna, myndrænt stafróf þar sem ljósmynd af börnunum var undir viðkomandi bókstaf. Á veggjum er ýmislegt fróðlegt að skoða eins og *Íslandskort*, veggspjöld um *Flóru Íslands* og *Íslenska fugla*, allt í augnhæð barna.

Deildarstjórar bera ábyrgð á gerð dagskipulags, ræða það á deildarfundum og endurskoða einu sinni á ári eða oftár ásamt stjórnendum. Að sögn deildarstjóra yngstu deildar er það endurskoðað eftir þörfum og aldri barnanna. Dagskipulag er sýnilegt á öllum deildum og skiptist í frjálsan leik, hópastarf og útiveru. Söng- og samverustundir og skipulagðar stundir eru á deildum og í fyrrnefndum sameiginlegum svæðum. Myndrænt dagskipulag er á deildum í hæð barna. Á vettvangi mátti sjá að börnin fengu samfelldan tíma til frjálsra leikja en skoða mætti hvort öll börn fái nægan samfellda tíma til að dýpka frjálsra leikinn, til dæmis eftir hvíld. Dagskipulag er sýnilegt foreldrum í fataherbergjum flestra deilda. Ýmsar gagnlegar upplýsingar og myndverk barna eru í fataherbergjum sem gefa foreldrum tök á að fylgjast með því sem er á döfni hverju sinni.

Leik- og námsefni á deildum og í sameiginlegum stofum er fjölbreytt og höfðar til allra aldursþópna. Náms efni er vel skipulagt en nýlega var allt leikefni endurmetið, flokkað og merkt.²⁹ Lögð er áhersla á að börnin fái að velja sér leikefni og leikfélaga sjálf.³⁰ Hillur og skúffur eru vel merktar bæði ritmáli og myndum. Leikefni er í gagnsæjum plastkössum sem auðveldar börnunum að velja. Yngsta deildin er nokkuð rúmgóð og einnig vel búin leikefni sem er að mestu aðgengilegt börnunum. Fjölnota salur er stór og nýttur sem matsalur fyrir þrjár eldri deildirnar en á öðrum tíma til frjálsra og skipulagðra leikja. Á vegg í sal eru upplýsingar og reglur fyrir starfsfólk um fyrirkomulag matmálistíma. Salurinn er vel búinn leikefni til hreyfileikja og á vettvangi mátti sjá börnin njóta sín í minni hópum við fjölbreytt viðfangsefni. Í salnum eru einnig holukubbar og búningar til hlutverkaleikja. Listasmiðja er ágætlega rúmgóð og vel útbúin efnivið. Bókasafnið er hlýlegt og þar er hægt að sitja með starfsmanni í sófa og lesa en einnig eru möguleikar á öðrum viðfangsefnum eins og hlutverkaleikjum. Í tónlistar- og vísindastofu er góður búnaður fyrir tónlist en auka mætti framboð á gögnum fyrir vísindastarf.

Útisvæði leikskólans er, eins og áður hefur komið fram, stórt og fjölbreytt, góð aðstaða fyrir alla aldursþópna þar sem börnin dreifast vel um leiksvæðið. Börnin eru oftast úti á sama tíma en það kemur ekki að sök þar sem leiksvæðið er stórt. Gert er ráð fyrir sérstakri aðstöðu fyrir allra yngstu börnin sem er afmörkuð með girðingu og hliði. Að sögn deildarstjóra eru skipulagðar vettvangsferðir einu sinni í viku, umhverfi leikskólans er fjölbreytt og stutt í náttúruleg svæði eins og fjöru, móa og dýralíf sem hægt væri að nýta til útináms.

28 Rýnihópur deildarstjóra og starfsmanna.

29 Viðtöl við stjórnendur.

30 Rýnihópur deildarstjóra.

Starfshættir

Eins og áður hefur komið fram skipuleggja leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri ásamt deildarstjórum, uppeldis- og menntastarf leikskólans en umræður og ákvarðanir fara fram á deildarstjórafundum. Hugmyndafræði leikskólans er í mótun, stjórnendur leiða starfið en aðrir starfsmenn taka þátt á starfsmannafundum og starfsdögum.³¹ Í leikskóladagatali má sjá að unnið er með þemu sem dreifast yfir skólaárið, samtals sjö vikur þar sem unnið er með afmörkuð verkefni: *læsisvika, náttúruvika, fjölmenningarvika, kærleiksvika, bókaþvika, vika ljóss og skugga og umferðarvika*. Sem dæmi um verkefni sögðu deildarstjórar að í kærleiksvikunni væri lögð er áhersla á umræðu um fjölskylduna.³²

Ýmsir þættir hafa þegar fest sig í sessi og er unnið skipulega að þeim eins og sjá mátti í dagskipulagi og á vettvangi. Viðfangsefni barna voru fjölbreytt og sjá mátti áherslur leikskólans endurspeglast í starfi á öllum deildum en þar skiptust á frjáls leikur og skipulagt starf/hópastarf. Í frjálssa leiknum höfðu börnin val um viðfangsefni og gátu skipt að vild innan vissra marka. Þau skiptust í litla hópa og nutu sín í leik með leikfélögum sínum. Í hópastarfi er börnunum skipt í minni hópa. Starfsmaður fylgir hverjum hópi. Þeir dreifast um deildirnar og koma sér fyrir í áður nefndum sameiginlegum rýmum sem hver deild hefur til umræða hverju sinni. Í hópastarfi er meðal annars unnið með Lubbi finnur málbein, stærðfræði og markvissa málörvun. Einnig eru vettvangsferðir í hópastarfi. Unnið er með ákveðin þemu eins og fjölskylduna og árstíðir sem á þeim tíma sem matið fór fram var þorrinn. Frjáls leikur barna á yngstu deild var ríkjandi og sat starfsfólk gjarnan með börnunum á gólfi eða við borð eftir viðfangefnum. Leik efni er vel fyrir komið og í hæð barnanna. Í hópastarfi yngstu barnanna fara þau í *Könnunarleikinn og Lubbastund* en Könnunarleikurinn er í boði á tveimur yngstu deildunum.³³

Sjá mátti á vettvangi að samskipti starfsmanna við börnin einkenndust af umhyggju, jákvæðni og virðingu. Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að til eru samræmdar reglur á hverri deild um samskipti við börnin og mikilvægt væri að halda í þann kærleik og virðingu sem ríkir.³⁴ Þessar samræmdu reglur eru meðal annars sýnilegar í flettimöppum á deildum. Í hópastarfi voru starfsmenn þátttakendur í verkefnum barnanna, leiddu starfið og sátu við borðin eða nálægt þeim í gólfleikjum. Sjá mátti virka hlustun flestra starfsmanna á vettvangi, þeir sýndu leik barnanna áhuga, leiðbeindu, spjölluðu við þau og hvöttu.

Samstarf á deildum er leitt af deildarstjórum og á vettvangi mátti sjá gagnkvæma virðingu og jákvæð samskipti. Starfsmenn eru á því að þeir fái tækifæri til að sýna frumkvæði og bera ábyrgð sem birtist meðal annars í því að hver starfsmaður ber ábyrgð á einum hópi í hópastarfi.³⁵ Í dagskipulagi mátti sá að deildir hafa komið á samstarfi sín á milli, yngri deildir annars vegar og eldri deildir hins vegar og miðdeildir eiga samstarf þegar það á við. Samstarfið felst meðal annars í því að unnin er sameiginleg áætlun í hópastarfi fyrir sama aldur. Flæði er á milli deilda í frjálsum leik, opið milli deilda fyrst á morgnana og einnig er val milli deilda. Heimsóknir barna eru milli deilda, til dæmis fara eldri börn í heimsókn á yngri deildir og hitta þar systkini sín. Söngstund er sameiginleg einu sinni í viku í sal við venjulegar aðstæður.³⁶ Skipulagið er sýnilegt á öllum deildum.

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Í drögum að skólanámskrá kemur fram að til þess að byggja á lýðræði þurfi viðhorf þeirra sem starfa í leikskóla að vera lýðræðisleg gagnvart börnum, foreldrum og samkennum.³⁷ Að mati deildarstjóra má sjá lýðræðislega þátttöku barna í hinum ýmsu þáttum daglegs starfs. Áhugi væri á að auka þátttökuna enn frekar og vísa þar í Uppbyggingarstefnu og Uppeldi til ábyrgðar sem er menntastefna sveitarfélagsins.³⁸

Sem dæmi um lýðræði nefna þeir sameiginlega matmálstíma í salnum. Þar er borinn fram morgunmatur og hádegismatur fyrir þrjár eldri deildir en þrjár yngri deildir borða inni á sínum heimastofum með starfsmönnum. Í salnum sækja börnin diska og áhöld, skammta sér sjálf en fá aðstoð og leiðbeiningu starfsfólks ef með þarf. Þau velja sér sæti og vini og ganga frá eftir matinn. Síðdegishressing er í flæði á hverri deild. Börnin á elstu deild hafa tekið þátt í að setja sér reglur og búa til deildarsáttmála. Þau fá að velja viðfangsefni í frjálsum leik, aðgangur að efnivið er í þeirra hæð og þau skipta um

31 Viðtöl við stjórnendur og rýnihóp deildarstjóra.

32 Rýnihópur deildarstjóra og leikskóladagatal.

33 Könnunarleikur.

34 Rýnihópur deildarstjóra.

35 Rýnihópur starfsmanna

36 Rýnihópur deildarstjóra.

37 Drög að skólanámskrá.

38 Heimasíða Hornafjarðar

leikefni/svæði eftir áhuga. Börnin ákveða hvað þau vilja gefa foreldrum sínum í jólagjöf og útbúa þær útfra eigin hugmyndum. Á afmælisdögum fá þau að velja ýmislegt dót úr afmælishillu. Í samverustund velja börnin sönglög og bækur og í vettvangsferðum hafa þau áhrif á hvert skal halda. Deildarstjórar nefna einnig að raddir barna eigi að birtast í *Vináttuverkefninu Blæ* sem er nýtt verkefni í leikskól- anum.³⁹ Leikskólastjóri segir að lýðræðisleg þátttaka barnanna mætti vera meiri en bendir á matmáls- tíma sem áður er nefndur. Á útskriftardegi elstu barnanna velja þau hvað er í matinn og einnig fá öll börn að velja hvort þau eru úti eða inni eftir hádegi á fimmtudögum.⁴⁰

Námssvið

Námssvið aðalnámskrár leikskóla eru samþætt daglegu starfi eins og sjá mátti á vettvangi og í dag- skipulagi. Í viðtölum við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra kom fram að stefna leikskólans væri, eins og áður hefur komið fram, að vinna samkvæmt Menntastefnu sveitarfélagsins með áherslu á Heilsueflandi leikskóla og Uppeldi til ábyrgðar. Áhersla væri á læsi og stærðfræði, tákni með tali og læsisverkefnið Lubbi finnur málbein. Stjórnendur nefndu einnig áherslu á sköpun og vikulega er farið í vettvangsferðir í þeim tilgangi að kynna náttúruna fyrir börnunum.⁴¹ Þessa þætti má finna í skólanámskrá leikskólans sem er í mótun.

Námsumhverfið styður vel við máltöku og málþroska allra barna og sjá mátti á vettvangi námsgögn sem tengjast því. Áhersla á læsi og ritmál var víða greinileg, allt í hæð barnanna. Allt leikefni var vel merkt og oftast styrkt með myndmáli. Stafróf, tölustafir, bókstafir, merkingar við leikefni var að sjá á öllum deildum og göngum leikskólans. Meðal námsefnis sem styður við mál og málnotkun barna er Lubbi finnur málbein, stærðfræði, ritmál og stafainnlögn í minni hópum í hópastarfi.⁴² Leiðbeiningar og hugmyndir að verkefnum fyrir starfsfólk um hópastarf og Lubbastundir eru í möppu á deildum. Bækur er aðgengilegar börnum, bókarekki á hverri deild þar sem bækurnar blasa við börnunum. Deildar- stjórar nefndu að börnin kæmu með bækur að heiman sem væru lesnar í sögustund, þau væru hvött til að tjá sig í samverustundum og lögð áhersla á samskipti í daglegum athöfnum. Með eldri börnunum er unnið með *Sögugrunninn* sem er hannaður til að fá börn til að tjá sig, segja frá eða segja sögur.⁴³ Hvert barn á skúffu merkta sínu nafni og tákni og á flestum deildum er einnig mynd af barninu á skúff- unni. Námsumhverfið styður vel við áherslu leikskólans í stærðfræði. Meðal námsefnis eru *Numicon* kubbar þar sem lögð er áhersla á skilning á tölum. Kubbarnir og myndræn form eru sýnileg í umhverfi barnanna, unnið er með kubbana í hópastarfi en börnin hafa einnig aðgang að þeim í frjálsum leik.

Á yngstu deild sáu matsmenn flesta starfsmenn sitja á gólfi með börnunum og lesa, fletta bókum, syngja og spjalla. Stafrófið, leikefni í plastkössum merkt með myndum og bókstöfum eru einnig í hæð yngstu barnanna. Myndir af börnunum og hópunum þeirra er á vegg í þeirra hæð eins og á eldri deildum.

Eins og áður hefur komið fram er áhersla sveitarfélagsins, Heilsueflandi leikskóli og Uppeldi til ábyrgð- ar.⁴⁴ Vinna með heilbrigði og vellíðan barna og starfsmanna birtist í jákvæðu viðmóti starfsmanna, jákvæðum samskiptum og virðingu við börnin. Á vettvangi mátti sjá þessa þætti birtast og voru einnig einkennandi í samskiptum barnanna. Að sögn deildarstjóra eru nokkrar deildir rétt farnar af stað með *Vináttuverkefnið Blæ* sem var sýnilegt á öllum deildum, bangsar og veggspjöld í hæð barnanna. Verkefnið á að styðja við einkunnarorð leikskólans sem eru Virðing – Jafnrétti – Jákvæðni.⁴⁵

Lögð var áhersla á hreyfingu í sal og útiveru auk vikulegra vettvangsferða. Á meðan matsmenn voru á vettvangi mátti sjá að salurinn var vel nýttur allan daginn af öllum deildum. Í matmálistímum skiptast börnin á að fara í matsalinn, fjögur börn í senn af þremur elstu deildunum. Starfsmenn sem aðstoða börnin í matsalnum, hafa umsjón með fjölda barna hverju sinni og sjá um að sækja næsta hóp. Á vett- vangi mátti sjá rólega stund þar sem börnunum leið vel, þau skammta sér sjálf, fá þann tíma sem þau þurfa til að borða, velja sér sæti hjá vinum sínum og spjalla en einnig gátu þau valið sér sæti út af fyrir sig ef þau vildu meira næði. Lögð var áhersla á holla næringu sem er unnin frá grunni. Fram kom hjá starfsmönnum að mikil ánægja væri með eldhúsið/fæðið og fyrirkomulag matmálistíma.⁴⁶

39 Vináttuverkefnið Blæ.

40 Viðtal við leikskólastjóra

41 Viðtöl við stjórnendur.

42 Lubbi finnur málbein.

43 Sögugrunnurinn.

44 Sveitarfélagið Hornafjörður.

45 Rýnihópur deildarstjóra.

46 Rýnihópur starfsmanna og viðtöl við stjórnendur.

Á heimasíðu Sjónarhóls kemur fram að leikskólinn sé umhverfisvænn og lögð áhersla á að flokka og endurvinnna.⁴⁷ Sveitarfélag Hornafjarðar er með umhverfisstefnu og á heimasíðu má sjá nánar um áherslur varðandi það, ýmsar gagnlegar upplýsingar eru einnig á heimasíðunni og leiðbeiningar um flokkun.⁴⁸ Fram kom hjá deildarstjórum að starfsmenn og börn taki þátt í að tína rusl af lóðinni og þá helst í þemaviku, að öðru leiti er flokkun í höndum starfsmanna. Í viðtali við leikskólalastjóra kom fram að leikskólinn ræktar jarðarber og fyrirhuguð væri frekari ræktun. Pappír er flokkaður á deildum og unnið með verðlaust efni í myndlist. Matarafgangar eru flokkaðir í lok máltíða. Börnin á Sjónarhóli fá fjölmörg tækifæri til að kynna náttúrunni sem býður upp á fjölbreytta námsmöguleika. Leiksvæði þeirra við leikskólann er stórt og fjölbreytt auk þess sem þau fara reglulega í vettvangsferðir í þeim tilgangi að kanna umhverfi sitt og kynna náttúrunni. Nánd við náttúruna er hluti af þeirra daglega lífi, allsstaðar blasa við fjöll, jöklar, fjara, skógur og dýralíf.⁴⁹

Leik- og námsefni sem tengist vísindum mátti sjá í Vísindastofu. Á hillu í hæð barna á elstu deild var karfa með efniviði sem tengist tilraunum. Sjá mátti börnin í elstu deild rannsaka og gera tilraunir með liti og hluti á ljósaborði. Á öðrum deildum var minna af efniviði til vísindatilrauna og mætti skoða og samræma betur hvernig unnið er með vísindastarf á deildum út frá aldri barna. Leikskólinn er afar vel búinn námsgögnum er tengjast stærðfræði. Áður hafa Numicon kubbar verið nefndir og í sal eru *Holukubbar* sem allir hafa aðgang að. *Unid-kubbar* og fjölbreytt úrval annarra kubba er á öllum deildum. *Kaplakubbar* eru á eldri deildum og *Segulkubbar* á elstu deild höfðu mikið aðdráttarafl og voru í stöðugri notkun. Ýmsar tegundir bygginga, hús og hallir fengu að standa þannig að börnin gætu komið að þeim aftur næsta dag. Efniviður og þar til gerð húsgögn til hlutverkaleikja fá gott rými á öllum deildum, sérstaklega á yngri deildum og í fjölnotasal er spennandi efniviður til hlutverkaleikja. Í leikskólanum er unnið markvisst með jafnrétti og jafna hlutdeild allra. Tákn með tali er sýnilegt á deildum og mátti sjá nokkra starfsmenn nota það í samtölum sínum við börnin. Einkunnarorð í Vináttuverkefninu Blær eru einnig í hæð barna og leikskólinn á dúkkur í öllum hörundslitum. Deildarstjórar nefna að verið sé að undirbúa fræðsluefni/kassa um fjölbreytileikann sem tengist jafnréttisumræðunni.

Tónlistastundir fara meðal annars fram í hópastarfi í Tónlistastofu sem er ágætlega búin hljóðfærum og mátti sjá börnin í hópastarfi með starfsmanni spreya sig í tónlistaflutningi. Í samveru- og söngstundum var sungið og einnig í söngstund í sal þar sem allar deildir hittast einu sinni í viku eins og áður hefur komið fram.

Listsköpun fer fram í Listastofu og einnig inni á deildum. Listastofa er ágætlega búin efniviði þar sitja börnin við borð og vinna að listsköpun. Deildarstjórar nefndu að börnin hefðu val um efnivið í Listastofu og að lögð væri áhersla á ferlið fremur en afurðina. Á deildum mátti sjá myndverk eftir börnin þar sem frumkvæði og skapandi þörf þeirra er virt. Allar deildir eru með færanlegan „vagn“ með litum, pappír, lími og penslum sem börnin geta notað að vild. *Ferðabangsi (Lubbi)* fer heim með börnunum, bækur að heiman eru lesnar í leikskólanum og börnin mega koma með hlut að heiman. Myndaalbúm með fjölskyldumyndum að heima eru á öllum deildum, myndir af húsum barnanna og myndir úr sumarfríum sem börnin koma með að heiman.

Velferð og líðan barna

Andrúmsloft í leikskólanum einkennist af umhyggju, virðingu og jákvæðu viðmóti. Starfsmenn sýna þolinmæði í samskiptum sínum við börnin, flestir starfsmenn eru til staðar fyrir börnin, sína þeim áhuga, leiðbeina og styðja. Matsmenn sáu glöð og áhugasöm börn sem áttu í góðum samskiptum og þegar bar á árekstrum í barnahópnum voru starfsmenn til staðar til að leiðbeina. Upplifun barna í rýnihóp var mismunandi þegar þau voru spurð hvernig þeim líði í leikskólanum, „vel, ekki vel, mjög vel“ og sumir voru dramatískari en aðrir og höfðu orð á því að „lífið væri best heima“. Meðal þess sem börnunum fannst skemmtilegast í leikskólanum var að leika við vini sína, byggja hús úr segulkubbum, perla og búa til skuggabrúður. Flestum fannst „skemmtilegt að gera Lubba“ á meðan öðrum fannst þau þurfa að bíða full lengi áður en það kæmi að þeirra staf. Einnig fannst flestum að oftast mætti vera

47 Sveitarfélag Hornafjarðar.

48 Sveitarfélagið Hornafjörður.

49 Rýnihópur deildarstjóra.

stærðfræði „af því að það er svo langt bil á milli þangað til að við förum í næsta“. Kennararnir hrósa þeim þegar þau gera vel og þeim finnst gott að hafa kennarana með sér úti og finnst þeir „stundum skemmtilegir og stundum leiðinlegir“.⁵⁰

Mat á námi og velferð barna

Við mat á námi og framförum barna eru notuð viðurkennd matstæki. *HLJÓM-2*, sem kannar hljóð- og málvitund og er lagt fyrir elstu börnin. *EFL-2 málþroskaskimun* er lögð fyrir börn á fjórða ári. *TRAS skráningarlístin* (n: Tíðlig registerin af sprákuþróun) er fyrir alla árganga. *Íslenski máhljóðamælirinn*⁵¹ er notaður fyrir elsta árgang. *MÍÓ-skimun* í stærðfræði fyrir leikskólabörn. *Orðaskil-málþroskalísti* sem er málþroskaskimun fyrir börn á aldrinum eins og hálfis árs til þriggja ára og notaður ef grunur vaknar um frávik. *Smábarnalístin* sem metur mál- og hreyfiþroska 15 til 38 mánaða barna og *Íslenski þroskalístin* sem metur mál og hreyfiþroska barna á aldrinum þriggja til sex ára eru fylltir út af foreldrum þegar þörf er á. Börn sem þurfa á talkennslu að halda fá þá þjónustu einu sinni í viku. Leikskólinn er með samning við talkennara í Reykjavík og fer talkennslan fram í gegn um tölvu.⁵² Tvö foreldraviðtöl eru á ári og er seinna foreldraviðtalið notað til að fara yfir stöðu barnanna og framfarir. Deildarstjórar sögðust eiga gott samstarf og samræðu við foreldra þegar ræða þarf stöðu barnanna. Samskiptin við foreldra eru á ýmsa vegu. Í áður nefndum viðtölum og einnig er notaður tölvupóstur til að upplýsa foreldra um starfið. Samstarf og samræming er milli leikskóla og foreldra varðandi uppeldisaðferðir/áherslur og foreldrar geta fengið lánuð námsgögn heim þegar unnið er með málþroska barns. Samkvæmt niðurstöðum úr foreldrakönnun er meirihluti foreldra á því að barnið taki stöðugum framförum í leikskólanum og að þeir fái greinagóð svör við spurningum sínum um leikskólustarfið.⁵³

Í leikskólanum er heimagerður þroskamatslísti nýttur til að meta framfarir allra barna. Leikskólinn er ekki með markvissar *Uppeldislegar skráningar* á námi og framförum barna og þau setja sér ekki markið með námi sínu eða meta framfarir sínar. *Uppeldisleg skráning er skráning á orðum og gjörðum barns í þeim tilgangi að meta þroska þess, nám og líðan*.⁵⁴ *Skráningar í leikskólustarfi eiga rætur sínar að rekja til borgar á Norður-Ítalíu sem heitir Reggio Emilia. Þaðan kemur sú hugmyndafræði að nota skráningar til að skoða barnið og styðja það í námi*.⁵⁵ Hvert barn á möppu sem fylgir þeim milli deilda. Þær geyma sjálfmynd barnsins, ljósmyndir af því í leik og starfi, m.a. af afmælisdegi barnsins, ljósmynd af barnahópnum, viðtal við barnið um fjölskylduna, sögugerð og ýmis myndverk barnsins.

Styrkleikar

- Leikskólinn er mjög vel útbúinn leik- og námsgögnum, skipulag gerir ráð fyrir fjölbreyttum viðfangsefnum og aðgengi barna að leikefni er gott.
- Áherslur leikskólans, læsi og stærðfræði endurspeglast í starfi með börnunum.
- Samskipti starfsmanna við börnin einkennast af umhyggju, jákvæðni og virðingu.
- Starfsmenn deilda fá tækifæri til að sýna frumkvæði og bera ábyrgð.
- Námsumhverfið styður við máltöku og málþroska barna, ritmál, tölur og margvíslegt myndefni er sýnilegt og í hæð þeirra.
- Hvert barn hefur sína möppu sem fylgir þeim milli deilda.
- Skipulagt samstarf er milli foreldra og leikskóla um samræmt uppeldi barna.
- Foreldrum finnst barnið sitt öruggt í leikskólanum og telja að því líði vel.
- Viðurkennd matstæki eru notuð við skimun við mat á námi og framförum barna.

50 Rýnihópur barna.

51 Íslenski máhljóðamælirinn.

52 Viðtöl við stjórnendur.

53 Foreldrakönnun.

54 Uppeldisleg skráning.

55 Skráningar í leikskólustarfi.

- **Tækifæri til umbóta**
- Æskilegt væri að efla faglega vitund starfsmanna með meiri leiðbeiningum og fræðslu um uppeldisstarfið og hlutverk starfsmanns.
- Athugandi væri að bjóða fjölbreyttari tækifæri til listsköpunar, eins og til dæmis að mála við málaratrönur.
- Leita leiða til að gefa börnum tækifæri til að meta nám sitt og setja sér markmið.
- Æskilegt væri að taka upp Uppeldislegar skráningar á námi barna.
- Skoða ætti möguleika á að foreldrar komi meira að mati á námi barna sinna.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Pátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð er starfandi við leikskólann. Þrjú fulltrúar eru kosnir í foreldraráð og skipta þeir með sér verkum, formaður og ritari, en þriðji fulltrúinn situr einnig fundi hjá fræðslu- og tólmstundanefnd. Samkvæmt upplýsingum frá foreldraráði boðar leikskólastjóri til funda ráðsins. Dagskrá er send út fyrir fram og ritaðar eru fundargerðir. Fundargerðir eru birtar á heimasíðu. Á heimasíðu leikskólans má finna eldri fundargerðir og skjal um hlutverk og reglur foreldraráðs. Foreldraráð hefur ekki sett sér starfsáætlun.⁵⁶ Foreldrar leita til foreldraráðs með mál varðandi leikskólann sem ráðið tekur til umræðu á fundum. Á fundum foreldraráðs kynnr leikskólastjóri ýmis verkefni og áætlanir varðandi starfið í leikskólanum. Fram kom hjá foreldrum að nokkurrar óánægju hafi gætt meðal þeirra vegna starfsmannaveltu og ungs aldurs nýráðinna starfsmanna. Annars væri ánægja með leikskólann og að starfsmenn reyndu að taka tillit til athugasemda foreldra.⁵⁷

Foreldrafélag er einnig starfandi við leikskólann. Samkvæmt upplýsingum frá foreldrum stendur foreldrafélagið fyrir viðburðum eins og leiksýningum, vor- og haustferð, páskaeggjaleit, jólagjöfum og jólasveini á jólagleði.⁵⁸ Á heimasíðu eru upplýsingar um stjórn félagsins frá árinu 2017–2018. Ekki eru upplýsingar um starfsemi félagsins eða fundargerðir.

Viðhorf foreldra

Í upphafi leikskólagöngu fá foreldrar afhenta foreldrahandbók með ýmsum hagnýtum upplýsingum. Foreldrahandbókin er á heimasíðu leikskólans.⁵⁹ Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári. Að hausti fá foreldrar upplýsingar um leikskólann og þeir upplýsa deildarstjóra um barnið sitt.⁶⁰ Annað viðtal er á vorönn þar sem farið er yfir þroskalista sem unninn er í leikskólanum og farið yfir færni, framfarir og líðan barnsins heima og í leikskólanum.⁶¹

Í foreldrakönnuninni kemur fram að almennt eru foreldrar jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og leikskólastarfið. Mikill meiri hluti foreldra telja aðbúnað barna góðan og eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsmanna. Flestum finnst barnið sitt taka stöðugum framförum og segjast fá góðar upplýsingar um það sem er á döfinni í leikskólanum. Í könnuninni kom einnig fram að tæplega helmingur foreldra sagðist reglulega fá góðar og leiðbeinandi upplýsingar um framfarir barnsins. Foreldrar töldu að nota mætti töflu í fataherbergi betur til að segja frá hvað hefði verið gert yfir daginn til þess að fá betri upplýsingar um skóladaginn hverju sinni. Nota mætti Karellen með markvissari hætti, setja oftast inn myndir og segja frá degi barnsins. Einnig var bent á að starfsfólk mætti samræma milli deilda hvernig tekið er á móti barni á morgnana og æskilegt að starfmaður sem skilar í lok dags hefði betri upplýsingar um dag barnsins. Þegar niðurstöður eru skoðaðar í heildina er meirihluti foreldra ánægðir með leikskólann.⁶²

Samstarf við grunnskóla

Formlegt samstarf er við grunnskóla Hornafjarðar með áætlun um markmið, fyrirkomulag og uppbyggingu samstarfs milli skólastiga sem nefnist *Brúum bilið*. Teymið sem myndar Brúum bilið vinnur framkvæmdaráætlun vetrarins. Meðal þess sem kemur fram í markmiðunum er að viðhalda góðu samstarfi milli leik- og grunnskóla, byggja upp gagnkvæman skilning og þekkingu á starfi kennara á hvoru skólastigi fyrir sig og stuðla að vellíðan og öryggi barna. Einnig er til skrifleg áætlun um flutning barna með sérþarfir milli skólastiga. Leiðir að markmiðum eru meðal annars þær að leik- og grunnskólakennurum er gert kleift að fara í vettvangsheimsóknir á vinnutíma og gagnkvæmar skólaheimsóknir barna eru á hverju skólaári.⁶³ Ekki kemur fram hvaða viðfangsefnum börnin sinna í grunnskólanum eða hvenær. Engar upplýsingar er að finna á heimasíðu leikskólans um samstarf skólastiga.

56 Heimasíða leikskólans.

57 Viðtal við formann foreldraráðs.

58 Viðtal við formann foreldrafélags.

59 Heimasíða leikskólans.

60 Viðtöl við stjórnendur.

61 Rýnihópur deildarstjóra.

62 Foreldrakönnun.

63 Gögn frá leikskólanum.

Annað samstarf

Leikskólinn er virkur þátttakandi í samfélaginu að sögn deildarstjóra. Eldri börnin fara vikulega í íþróttahúsið. Reglulegar heimsóknir eru í Menningarmiðstöðina og á bókasafnið. Börnin heimsækja hjúkrunarheimilið, Ekran dagþjónustu eldri borgara og dagþjónusta fatlaðra sem er í næsta nágrenni leikskólans. Á vorin hjólar lögreglan með elstu börnunum um bæinn. Fiskvinnslan er heimsótt, slökkvi-
stöðin og slökkviliðið kemur á slökkvibílum í leikskólann. Einnig er farið í vettvangsferðir á vinnustaði í bænum. Hluti af þessari samvinnu hefur legið niðri vegna Covid 19.⁶⁴

Styrkleikar

- Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi við leikskólann.
- Foreldrar eru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og leikskólasterfið og finnst viðmót starfsmanna gott.
- Formlegt samstarf er við grunnskólann og unnið eftir ákveðnu skipulagi.
- Formleg áætlun um flutning barna með sérþarfir er til.
- Leikskólinn er þátttakandi í samfélaginu og reglulegar heimsóknir eru í íþróttahúsið og á bókasafnið.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að formaður foreldraráðs sjái um og boði fundi ráðsins með fyrirframgerðri dagskrá.
- Samkvæmt lögum um leikskóla skal foreldraráð vinna starfsáætlun og birta á heimasíðu leikskólans.
- Bæta ætti upplýsingar um starfsemi foreldrafélagsins og birta fundargerðir á heimasíðu leikskólans.
- Skoða leiðir til að auka og bæta upplýsingar um dag barnsins og samræma milli deilda hvernig tekið er á móti börnum í upphafi dags.
- Bæta þarf upplýsingar á heimasíðu um samstarf skólastiga.

64 Rýnihópur deildarstjóra.

Skóli án aðgreiningar

Skólabjónusta og sérkennsla

Í leikskólanum starfar sérkennslustjóri í 100% starfi sem hefur ábyrgð og umsjón með sérkennslu, sinnir greiningu og veitir starfsmönnum og foreldrum ráðgjöf. Hann er einnig ráðgjafi fyrir starfsfólk á leikskólanum Lambhaga í Öræfum, sinnir þar skimunum og greiningum.

Sérkennslustjóri er hluti af stjórnunarteymi leikskólans, tekur þátt í ákvörðunum er varðar börn með stuðning og ber ábyrgð á skipulagi sérkennslu. Hann situr deildarfundum ef óskað er og veitir starfsmönnum ráðgjöf.⁶⁵ Sérkennslustjóri er tengiliður við sérfræðinga/verktaka utan leikskólans, sálfræðing sem kemur mánaðarlega og talmeinafræðing sem kemur þrisvar á ári. Verkerill er til ef grunur vaknar um þroskafrávik barns. Sérkennslustjóri er í samskiptum við foreldra barna sem njóta stuðnings og teymi eru mynduð um. Öll börn sem fá stuðning eru með einstaklingsáætlun sem unnin er í samstarfi við foreldra, sérfræðinga og þann sem sinnir stuðningi barnsins. Einstaklingsáætlun er metin reglulega. Í þjónustuteymi fyrir börn sem njóta stuðnings eru sérkennslustjóri, leikskólastjóri, talmeinafræðingur, sálfræðingur, hjúkrunarfræðingur, sjúkráþjálfari, fulltrúi félagsþjónustu og deildarstjóri og stuðningur (ef barn er með stuðning). Sérkennslustjóri situr einnig mánaðarlega fundum með félagsþjónustu sveitarfélagsins ásamt leikskólastjóra og hjúkrunarfræðingi í ungbarnavernd. Markmið samstarfsins er að samþætta þjónustu bæjarins og auka lífsgæði barna og fjölskyldna þeirra. Ekki er fjallað um börn nema að fengnu samþykki foreldra.

Þeir sem sinna sérkennslu auk sérkennslustjóra er leikskólakennari og tveir stuðningsaðilar, þroskaþjálfanemi og leiðbeinandi. Starfslýsingar þeirra er ekki að finna í gögnum leikskólans, en að sögn leikskólastjóra eru gögnin vistuð á drifi leikskólans. Áhersla er á að stuðningur fari sem mest fram á deild barnsins en veitt er einstaklingsþjálfun utan deildar eftir þörfum. Námsumhverfið býður upp á fjölbreytni til þjálfunar og auðvelt er að fá þau gögn sem þörf er á, að sögn sérkennslustjóra. Fartölvur eru fyrir sérkennslu sem nýtist vel þegar sérkennslustjóri er staðsettur annarsstaðar en í leikskólanum. Starfsmenn segjast mjög ánægðir með sérkennsluna, haldið sé vel utan um hvert barn og deildirnar taka því vel að aðstoða í daglegu starfi.⁶⁶

Börn með annað móðurmál en íslensku

Í leikskólanum eru sautján börn með annað móðurmál en íslensku. Móttökuáætlun á íslensku er til í leikskólanum en verið er að athuga með þýðingar á foreldrahandbókinni. Lögð er áhersla á að kynna foreldrum íslenska menningu.⁶⁷ Leikskólinn hefur aðgang að túlkþjónustu á staðnum og í gegn um síma. Unnið er með málefni barna sem eiga annað tungumál og eru fánar og kveðja á öllum tungumálum leikskólans sýnileg í fataklefum. Deildarstjórar segjast leggja áherslu á að tengjast foreldrum meðal annars í fjölmeningarviku með því að bjóða foreldrum að koma og lesa fyrir börnin. Einnig er í þessari viku eldaður matur sem tilheyrir þjóðlöndum barnanna og í samverustundum eru sungin lög á öðrum tungumálum. Öll börn með annað tungumál en íslensku fara heim með orðabók þar sem foreldrar eru beðnir að skrifa orð sem börnin nota í leikskólanum sem auðveldar starfsmönnum að skilja þau.⁶⁸ Aðspurðir sögðu deildarstjórar að ekki væri unnið sérstaklega með menningu barna sem eiga annað móðurmál en lögð er áhersla á heimameningu allra barna sem meðal annars birtist í myndaalbúmi og fjölskyldumyndum sem barnið kemur með að heiman og einnig í skapandi starfi á deildum. Upplýsingar á heimasíðu eru ekki á öðrum tungumálum en íslensku.

Styrkleikar

- Sérkennslustjóri með þroskaþjálfamenntun er starfandi í leikskólanum.
- Sérkennslustjóri skipuleggur vinnu starfsmanna sem sjá um sérkennslu og leiðbeinir öllu starfsfólki varðandi fyrirkomulag og kennslu sérkennslubarnanna.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn sem njóta sérkennslu og teymi myndað fyrir hvert barn.

65 Rýnihópur deildarstjóra.

66 Rýnihópur starfsmanna.

67 Viðtöl við stjórnendur.

68 Rýnihópur deildarstjóra.

- Til er verkferill ef grunur vaknar um þroskafrávik barns.
- Myndrænt skipulag, við leik- og námsefni er á öllum deildum fyrir börn með annað tungumál en íslensku.
- Unnið er með menningu- og bakgrunn barna sem eiga annað móðurmál meðal annars með því að sýna fána og tungumál barnanna og unnið er með heimamenningu allra barna í leikskólanum.
- Orðabók milli heimilis og leikskóla er nýtt til þess að nálgast börn og foreldra sem eiga annað tungumál en íslensku.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt væri að móttökuáætlun og foreldrahandbók verði þýdd á fleiri tungumál en íslensku og birt á heimasíðu leikskólans.
- Í starfsmannahandbók ætti að setja inn skriflegar starfslýsingar fyrir starfsmenn sem vinna með stuðning.
- Gagnlegt væri að hafa almennar upplýsingar á heimasíðu leikskólans á fleiri tungumálum en íslensku.

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Ekki hefur verið stofnað matsteymi í leikskólanum en ábyrgð á framkvæmd mats er hjá leikskólastjóra. Til er í leikskólanum áætlun um innra mat fyrir árin 2019–2023. Þar kemur ekki fram hvernig á að framkvæma matið, hvaða gögn eiga að liggja að baki því eða hvenær það eigi að fara fram.⁶⁹

Gagnaöflun og vinnubrögð

Í umbótaáætlun sem er ódagsett eru talin upp þau atriði sem ætlunin er að meta, hverjir eigi að taka þátt í því, en dagsetningar um hvenær meta eigi hvert atriði vantar. Starfsfólk á deildum gerir tilraunir til að ígrunda starf sitt, en það er óskipulagt og ekki notuð viðurkennd matstæki. Hópastarf er metið út frá ákveðnu skipulagi og framkvæmt af hópstjórum í samstarfi við deildarstjóra. Ekki hafa verið gerðar foreldra- og starfsmannakannanir. Samkvæmt matsáætlun í starfsáætlun er gert ráð fyrir endurmati í febrúar 2021, þar er farið yfir gögn frá deildum og niðurstöður úr foreldraviðtölum. Börn hafa ekki tekið þátt í innra mati.⁷⁰

Opinber birting og umbætur

Niðurstöður úr innra mati koma ekki fram í starfsáætlun eða á heimasíðu leikskólans.

Styrkleikar

- Gerðar hafa verið tilraunir til að gera matsáætlun vegna innra mats í leikskólanum.

Tækifæri til umbóta

- Stofna matsteymi í leikskólanum og gera matsáætlun til nokkurra ára, sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir.
- Gera nákvæmari matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem fram kemur viðfangsefni matsins, hvaða markmið eigi að meta og viðmið um árangur skilgreind. Tímasetja matið og tilgreina ábyrgðaraðila og hvernig gagna á að afla.
- Meta stefnu leikskólans og markmið markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur.
- Huga að aðkomu foreldraráðs í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.
- Efla mat og ígrundun starfsfólks á eigin starfsháttum í daglegu starfi.
- Gæta að fjölbreytni í öflun gagna meðal starfsfólks, barna og foreldra með aðferðum sem hæfa viðkomandi hópum og tryggja að raddir barna heyrist í mati á leikskólastarfinu.
- Birta greinargerðir um innra matið á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður og greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta.

69 Gögn frá leikskólastjóra.

70 Viðtal við leikskólastjóra og gögn.

Samantekt matsþátta

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

Grænt – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

Rauti – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólabróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi Leikskólans Sjónarhóls: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Húsnæði leikskólans er rúmgott, snyrtilegt, vel skipulagt og uppfyllir skilyrði varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008.
- Útileiksvæði er stórt, vel skipulagt, búið góðum leiktækjum og býður upp á fjölbreytta möguleika til náms og leiks.
- Leikskólinn vinnur samkvæmt menntastefnu sveitarfélagsins með áherslu á heilsuefandi leikskóla. Þar er lögð áhersla á læsi og stærðfræði, markvissa málörvun og sköpun.
- Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð.
- Starfsmenn þekkja stefnu og gildi leikskólans og geta bent á leiðir til að framfylgja þeim.
- Foreldrar þekkja einkunnarorð og stefnu leikskólans og telja markvisst unnið með hana.
- Stjórnendur funda reglulega með Fræðslu- og tómsundanefnd og fræðslustjóra sveitarfélagsins, stjórnendur eru í góðri samvinnu við fræðslustjóra.
- Stjórnunarteymi er starfandi í leikskólanum, verkaskipting er milli stjórnenda og deildarstjórar sjá um að skipuleggja deildarstarfið.
- Gerð hefur verið leiðbeinandi handbók fyrir starfsmenn og móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.
- Starfsþróunarsamtöl eru árlega.
- Leikskólinn er með móttökuáætlun fyrir ný börn, áætlun um upphaf grunnskólagöngu, læsisstefnu og jafnréttis- og eineltisáætlun, verkagsreglur um viðbrögð við slysum, öryggis-handbók, viðbragðsáætlun Almannaavarna á heimasíðu og öryggis- og rýmingaráætlun.
- Skóladagatal er sýnilegt á heimasíðu og leikskólinn er með símenntunaráætlun.
- Sveitarfélagið styður starfsmenn til náms í leikskólafræðum.
- Símenntunaráætlun er unnin út frá þörfum leikskólans með áherslu á fræðslu fyrir allan starfshópinn á skipulagsdögum og starfsmannafundum.
- Unnið er að styrkingu lærdómssamfélags í leikskólanum með því að stjórnendur og starfsmenn bjóða örnámskeið fyrir áhugasama í verkþáttum sem þeir hafa þekkingu/færni í.
- Starfsmenn hafa metnað fyrir hönd leikskólans, trú á gæði leikskólastarfsins og eru stoltir af starfi sínu.
- Gerður hefur verið samningur við Skólalámsinn um foreldra- og starfsmannakannanir.
- Leikskólinn er mjög vel útbúinn leik- og námsgögnum, skipulag gerir ráð fyrir fjölbreyttum viðfangsefnum og aðgengi barna að leikefni er gott.
- Áherslur leikskólans, læsi og stærðfræði endurspeglast í starfi með börnunum.

- Samskipti starfsmanna við börnin einkennast af umhyggju, jákvæðni og virðingu.
- Starfsmenn deilda fá tækifæri til að sína frumkvæði og bera ábyrgð.
- Námsumhverfið styður við máltöku og málþroska barna, ritmál, tölur og ýmislegt myndefni er sýnilegt og í hæð þeirra.
- Hvert barn hefur sína möppu sem fylgir þeim milli deilda.
- Skipulagt samstarf er milli foreldra og leikskóla um samræmt uppeldi barna.
- Foreldrum finnst barnið sitt öruggt í leikskólanum og telja að því líði vel.
- Viðurkennd matstæki eru notuð við skimun við mat á námi og framförum barna.
- Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi við leikskólann.
- Foreldrar eru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og leikskólastarfið og finnst viðmót starfsmanna gott.
- Formlegt samstarf er við grunnskólann og unnið eftir ákveðnu skipulagi.
- Formleg áætlun um flutning barna með sérþarfir er til.
- Leikskólinn er þátttakandi í samfélaginu og reglulegar heimsóknir eru í íþróttahúsið og á bókasafnið.
- Sérkennslustjóri með þroskaþjálfamenntun er starfandi í leikskólanum.
- Sérkennslustjóri skipuleggur vinnu starfsmanna sem sjá um sérkennslu og leiðbeinir öllu starfsfólki varðandi fyrirkomulag og kennslu sérkennslubarnanna.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn sem njóta sérkennslu og teymi myndað fyrir hvert barn.
- Til er verkferill ef grunur vaknar um þroskafrávik barns.
- Myndrænt skipulag, við leik- og námsefni er á öllum deildum fyrir börn með annað tungumál en íslensku.
- Unnið er með menningu- og bakgrunn barna sem eiga annað móðurmál meðal annars með því að sýna fána og tungumál barnanna og unnið er með heimamenningu allra barna í leikskólanum.
- Orðabók milli heimilis og leikskóla er nýtt til þess að nálgast börn og foreldra sem eiga annað tungumál en íslensku.
- Gerðar hafa verið tilraunir til að gera matsáætlun vegna innra mats í leikskólanum.

Tækifæri til umbóta

- Brýnt er að leita leiða til að fjölga leikskólakennaramenntuðum starfsmönnum svo leikskólinn uppfyllir ákvæði laga nr. 87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara.
- Endurskoða þarf skólanámskrá í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla frá 2011, með aðkomu starfsmanna, barna og foreldra.
- Við gerð næstu starfsáætlunar þarf að fylgja áherslun aðalnámskrár og tryggja aðkomu allra aðila leikskólasamfélagsins.
- Gera starfsáætlun aðgengilega á heimasíðu leikskólans.
- Gera skriflegar leiðbeiningar um viðbrögð starfsfólks við rýmingu leikskólans og gera aðgengilegar öllum starfsmönnum.

- Leikskólinn ætti að hafa áfallateymi.
- Æskilegt væri að efla faglega vitund starfsmanna með aukinni leiðsögn og fræðslu um uppeldisstarfið og hlutverk starfsmanns.
- Leita leiða til að gefa börnum tækifæri til að meta nám sitt og setja sér markmið.
- Æskilegt væri að taka upp Uppeldislegar skráningar á námi barna.
- Skoða ætti möguleika á að foreldrar komi meira að mati á námi barna sinna.
- Athugandi væri að bjóða fjölbreyttari tækifæri til listsköpunar, eins og til dæmis að mála við málaratrönur.
- Æskilegt er að formaður foreldraráðs sjái um og boði fundi ráðsins og sendi út dagskrá fyrir fram.
- Samkvæmt lögum um leikskóla skal foreldraráð vinna starfsáætlun og birta á heimasíðu leikskólans.
- Bæta ætti upplýsingar um starfsemi foreldrafélagsins og birta fundargerðir á heimasíðu leikskólans.
- Skoða leiðir til að auka og bæta upplýsingar um dag barnsins og samræma milli deilda hvernig tekið er á móti börnum í upphafi dags.
- Bæta þarf upplýsingar á heimasíðu um samstarf skólastiga.
- Æskilegt væri að móttökuáætlun og foreldrahandbók verði þýdd á fleiri tungumál en íslensku og birt á heimasíðu leikskólans.
- Í starfsmannahandbók ætti að setja inn skriflegar starfslýsingar fyrir starfsmenn sem vinna með stuðning.
- Gagnlegt væri að hafa almennar upplýsingar á heimasíðu leikskólans á fleiri tungumálum en íslensku.
- Stofna matsteymi í leikskólanum og gera matsáætlun til nokkurra ára, sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir.
- Gera nákvæmari matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem fram kemur viðfangsefni matsins, hvaða markmið eigi að meta og viðmið um árangur skilgreind. Tímasetja matið og tilgreina ábyrgðaraðila og hvernig gagna á að afla.
- Meta stefnu leikskólans og markmið markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur.
- Huga að aðkomu foreldraráðs í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.
- Efla mat og ígrundun starfsfólks á eigin starfsháttum í daglegu starfi.
- Gæta að fjölbreytni í öflun gagna meðal starfsfólks, barna og foreldra með aðferðum sem hæfa viðkomandi hópum og tryggja að raddir barna heyrast í mati á leikskólastarfinu.
- Birta greinargerðir um innra matið á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður og greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í Leikskólanum Sjónarhóli leiðir í ljós að þar fer fram gott leikskólastarf í vel búnum og skipulögðum leikskóla. Menntastefna sveitarfélagsins *Lærum allt lífið* og einkunnarorð leikskólans *Virðing – Jafnrétt – Jákvæðni* birtast vel í starfinu. Stjórnendur skipta með sér verkum út frá starfslýsingum, leiða faglegt starf, leggja áherslu á góðan aðbúnað og leita leiða til að styrkja og mennta starfshópinn. Almenn er leitast við að efla góð samskipti allra sem koma að leikskólastarfinu. Gott skipulag er í leikskólanum og á öllum svæðum eru vel unnar leiðbeiningar um starfið fyrir starfsmenn. Starfsandi er allgóður og fer batnandi, gleði og virðing ríkir almennt í starfsmannahópnum. Umhyggja og virðing einkennir samskipti starfsfólks við börnin og markvisst er unnið að því að öllum líði vel í leikskólanum. Vel er haldið utan um stuðning og sérkennslu barna í leikskólanum og fjölbreyttan barnahóp. Mat á þroska og framförum barnanna mætti vera markvissara. Börnunum líður vel og meirihluti foreldra er ánægður með leikskólann og samskipti við stjórnendur og starfsfólk. Þeir eru einnig ánægðir með upplýsingagjöf frá leikskólanum. Ljúka þarf við gerð skólanámskrár með aðkomu allra sem málið varðar í leikskólanum. Auka þyrfti áhrif barnanna á skipulag starfsins og þátttöku þeirra í ákvörðunum. Vel er unnið með námssvið leikskólans en mætti gera meira úr útinámi og náttúruskoðun í fjölbreyttu umhverfi leikskólans. Innra mat er ekki markvisst og ætti að gera það kerfisbundnara og meira samofið daglegu leikskólastarfi með því stofna matsteymi og gera matsáætlanir og afla fjölbreyttari gagna.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef 27. janúar 2021.

Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>.

Foreldrakönnun MMR vegna ytra mats í leikskólanum í janúar 2021.

Gögn frá leikskólastjóra.

Heimasíða leikskólans. Sótt á vef 2. febrúar 2021.

Slóðin er: <http://www.sjonarholl.leikskolinn.is>.

Íslenski máhljóðamælirinn. Sótt á vef 4. febrúar 2021.

<https://laerumogleikum.is/vefverslun/islenski-malhljodamaelirinn/islenski-malhljodamaelirinn-rett-indanamskeid-internetinu-fimmtudagur-12-nov-2020/>

Könnunarleikur. Heuristic play with objects. Sótt á vef 9. febrúar 2021.

Slóðin er: <https://www.geteduca.com/blog/heuristic-play/>

Leikskóladagatal 2020–2012. Sótt á vef 3. febrúar 2021.

Slóðin er: <http://www.sjonarholl.leikskolinn.is/sjonarholl/leikskoladagatal-2020-2021.pdf>.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Menntastefna. Sveitarfélagið Hornafjörður. Sótt á vef 27. Janúar 2021.

Slóðin er: https://www.hornafjordur.is/media/stefnur/Menntastefna_web.pdf.

Skráningar í leikskólastarfi. Lokaverkefni til B.Ed.-prófs Háskóli Íslands Menntavísindasvið.

Sótt á vef 3. Febrúar 2021.

Slóðin er: https://skemman.is/bitstream/1946/9338/1/Skraningar%20C3%AD%20leikskolastarfi_bep2_.pdf

Sveitarfélagið Hornafjarður – heimasíða. Sótt á vef 23. janúar 2021.

Slóðin er: <http://www.hornafjordur.is>

Uppeldisleg skráning. Málið.is. Sótt á vef 3. Febrúar 2021.

Slóðin er: <https://malid.is/leit/uppeldisleg%20skraning>

Upplýsingar frá fræðslustjóra – tölvupóstur og viðtal.

Viðtöl:

Viðtal við stjórnendur: leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp starfsmanna

